

Ed. 46. Frumvarp til laga [45. mál]

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og reksturs hlutafélaganna.

2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu að því er varðar álagningu opinberra gjalda teljast einn skattaðili.

5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa, sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt,

sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breytingu á þeim lögum, skal ekki taka til útlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að undanfarna mánuði hafi staðið yfir viðræður milli fulltrúa Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f., með forystu trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, um sameiningu flugfélaganna undir eina yfirstjórn. Muni slík breyting styrkja rekstursgrundvöll flugstarfseminnar, enda hafi samkeppni félaganna á einstökum flugleiðum valdið þeim tilfínanlegu tjóni og sé því breyting nauðsynleg. Stjórnir félaganna beggja og hluthafafundir hafi fallizt á samkomulagsgrundvöll trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar og sameinuð yfirstjórn beggja félaganna taki við 1. ágúst n. k. Hins vegar sé nauðsynlegt að veita nýju sameiginlegu félagi lagalegan starfsgrundvöll, þar sem félagsform það, sem æskilegast sé, vegna aðstöðu á alþjóðamarkaði, rúmist eigi að öllu leyti innan ramma gildandi hlutafélagalöggjafar. Einnig sé nauðsynlegt að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun, sem af félagsforminu gæti leitt, og koma í veg fyrir þyngingu á skattabyrði hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið, ef arður af hlutafé fer niður úr tilteknu lágmarki.

Ríkisstjórnin telji, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem stuðlað geti að því að tryggja flugsamgöngur Íslendinga í framtíðinni og sé það forsenda af hálfu flugfélaganna, að sameiginlegu félagi verði tryggður lögformlegur starfsgrundvöllur, áður en til stofnunar slíks félags komi.

Beri því brýna nauðsyn til að leysa málið með setningu bráðabirgðalaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal, þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og reksturs hlutafélaganna.

2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. og skal þess ekki krafizt, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu að því er varðar álagningu opinberra gjalda teljast einn skattaðili.

5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breytingu á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.